

Samantekt á viðbrögðum við athugasemdum að loknum kynningartíma stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir verndarsvæði í Andakíl

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir verndarsvæðið í Andakíl voru lögð fram til kynningar í júní 2018 og umsagnar- og samráðsaðilum og öðrum þeim sem láta sig svæðið varða var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Kynningartíminn var auglýstur á heimasíðu og facebook-síðu Umhverfisstofnunar og á heimasíðu Borgarbyggðar. Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum var til og með 28. ágúst 2018. Erindi voru send til samráðsaðila þar sem vakin var athygli á kynningarferlinu. Athugasemdir og ábendingar bárust frá fimm aðilum.

Hér á eftir er gerð grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartíma og þeim breytingum sem gerðar voru á drögum stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir verndarsvæðið í Andakíl í kjölfar kynningarferlisins.

Uppbygging áætlunarinnar

Í öðrum kafla áætlunarinnar er viðkomandi svæði líst eins og það er en í honum eru ekki vangaveltur eða hugmyndir um hvað gera þurfi. Nokkrar ábendingar bárust vegna annars kafla, að þar vantaði umfjöllun um hvað ætti að gera. Þær athugasemdir fá útskýringar í þriðja kaflanum.

Aðgerðaáætlun

Fremst í stjórnunar- og verndaráætluninni er aðgerðaáætlun til næstu fimm ára. Ábendingar bárust um að í þann kafla vantaði verkefni sem nefnd eru í meginþexta. Taka skal fram að í aðgerðaáætluninni eru eingöngu nefnd verkefni eða framkvæmdir sem ráðgerðar eru á næstu fimm árum en ekki hugmyndir sem stefnt er að. Auk þess eru verkefni í aðgerðaáætluninni eingöngu þau sem Umhverfisstofnun mun sjá um. Verkefni sem aðrir hugsanlega vinna eru ekki á þeim lista.

Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Athugasemd barst varðandi reglugerð um menningarminjar og var kaflinn leiðréttur í samræmi við hana.

Ábending kom um að gera grein fyrir íslenska verndarflokknum þ.e. í hvaða verndarflokk svæðið flokkast samkvæmt skilgreiningu í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og var það gert.

Náttúruminjar, landnotkun og fráveitur

Bent var á að fjalla mætti ýtarlegar um vistkerfisþjónustu verndarsvæðisins í kafla 2.2. Stefna Umhverfisstofnunar er að stjórnunar- og verndaráætlanir séu knappar og því var

ákveðið að ekki yrði farið dýpra í umræðu um vistkerfaþjónust en gögn sem unnin hafa verið á öðrum vettvangi verði sett inn á heimasíðu svæðisins.

Bent var á að gott væri að bæta inn upplýsingum um gulstör og var það gert.

Bent var á að fram kæmi mismunandi prósentutala um hlutfall blesgæsastofnsins sem viðdvöl hefur á landinu. Kom það til vegna eldri upplýsinga úr auglýsingu um svæðið og síðar nýjum tölulegum upplýsingum. Var þetta útskýrt betur í textanum og tölur samræmdar.

Ábending barst um að skerða ekki túnrækt þar sem hún er mikilvægt beitarnland fyrir blesgæsina og bent á að stefnt skyldi að því að skógrækt gangi ekki á svæði sem nýtt eru til túnræktar. Í áætlunina var þeirri staðreynd bætt inn að í skipulagi svæðisins er gert ráð fyrir að gott ræktarnland verði ekki tekið undir skógrækt.

Þá kom fram ábending um að haga skuli nýrækt túna og áburðargjöf á ákveðinn hátt. Samstarfshópurinn telur að þetta sé ekki vandamál á svæðinu og ekki raunhæft að setja ákvæði um nýrækt og áburðargjöf inn í áætlunina þar sem um landbúnaðarsvæði er að ræða.

Tillögur komu fram um breyttan texta vegna ágengra, framandi tegunda og var texta breytt í samræmi við athugasemd. Ábending kom um hvort og hvað væri hægt að gera varðandi flundru og er gert ráð fyrir því að á því verði tekið í vöktunaráætlun.

Bent var á nýjar breytingar á valista fugla og var umfjöllun breytt í samræmi við hann.

Ábending kom um að skilgreindur varptími væri of stuttur og lagður til annar tími. Var dagsetningum varptíma breytt í texta í þá átt sem lagt var til.

Ábending kom um að breyta orðalagi vegna stýringar á umferð m.a. á dvalartíma blesgæsa. Var tekið tillit til ábendinganna að hluta til og orðalagi breytt en samstarfshópur taldi ekki þörf á að takmarka umferð um göngustíga á dvalartíma blesgæsa þar sem ekki væri um vandamál að ræða, umferðin hefði ekki truflandi áhrif á blesgæsina.

Í ábendingu sem barst er áherslum um aukna verndun votlendis og líffræðilegs fjölbreytileika fagnað og vonast til að stofn blesgæsar nái sér á strik þannig að hefja megi sjálfbærar veiðar á ný. Ekki er komið að því þannig að í áætluninni er sá möguleiki ekki viðráður.

Álit barst um að vel hafi tekist til að ákveða hvar gert sé ráð fyrir skógrækt innan verndarsvæðisins og vísað til samstarfs Skógræktarinnar og landeigenda í því sambandi. Skógræktarsvæðum hafi verið hnikað til vegna verndarsjónarmið.

Hugmynd barst um að nýta mætti trjágróður til að útbúa á einfaldan hátt náttúrulega skólphreinsistöð og að áhugavert væri að hafa sýnidæmi á Hvanneyri hvernig hægt væri að gera slíkt. Samstarfshópurinn þakkar ábendinguna og áhugaverða hugmynd sem hér með er komið á framfæri.

Menningarminjar

Ábendingar bárust vegna kafla um menningarminjar og var honum breytt í samræmi við þær.

Ferðapjónusta, útivist, fræðsla og landvarsla

Ábending barst um að æskilegt væri að lengja starfstíma svæðalandvarðar. Ábendingin á ekki lengur við þar sem búið er að ráða heilsárslandvörð á Vesturland.

Bent var á hvort svæðið hefði tekið þátt í votlendisdeginum eða verið með kynningu á Ramsarsvæðum. Votlendisdagurinn er 2. febrúar og hingað til hefur ekki verið dagskrá í tilefni hans enda erfitt um vik um hávetur og enginn starfsmaður á staðnum. Sérstök kynning á Ramsar hefur ekki farið fram á svæðinu. Með nýjum heilsárslandverði og gestastofu ættu tækifæri að gefast til að bæta úr hvorutveggja.

Heimildaskrá

Ábending barst um að heimildir vantaði í heimildaskrá og var þeim bætt við hana.

Almennar athugasemdir

Tillögur bárust um margvíslega kortagerð fyrir svæðið. Samstarfshópurinn þakkar fyrir tillögurnar en sá sér ekki fært að verða við þeim að svo stöddu bæði vegna tíma og kostnaðar. Aðrar vel þegnar ábendingar vörðuðu orðalag og framsetningu texta sem var lagað í samræmi við þær í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.